

Sólrún Inga Traustadóttir  
Brynja Árnadóttir  
Jennifer Creed  
Sigþór Bjarmi Geirsson

# Fornar rætur Árbæjar - Fornleifarannsókn

Áfangaskýrsla 2021



**Reykjavík 2022**  
**Borgarsögusafn Reykjavíkur**  
Skýrsla nr. 219

Viðbætur:  
Albína Hulda Pálsdóttir  
Gavin Lucas  
Thorbjörn Brorsson



HÁSKÓLI ÍSLANDS



**Borgarsögusafn**  
Reykjavíkur



Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur - Árbæjarsafn.

Ábyrgðarmaður: María Karen Sigurðardóttir, deildarstjóri minjavörslu og rannsókna, Borgarsögusafni Reykjavíkur.

Ritstjórn: Sólrún Inga Traustadóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir.

© Borgarsögusafn Reykjavíkur

© Háskóli Íslands

© Sólrún Inga Traustadóttir, Albína Hulda Pálsdóttir, Brynja Árnadóttir, Gavin Lucas, Jennifer Creed, Sigþór Bjarmi Geirsson og Thorbjörn Brorsson.

Forsíðumynd: Yfirlitsmynd tekin með flygildi af svæðum A og C. Á myndinni eru einnig nemendur og fornleifafræðingar.

Ljósmyndir í þessari skýrslu eru teknar af starfsfólki rannsóknarinnar árið 2021 nema annað sé tekið fram.

Kortagerð: Sigþór Bjarmi Geirsson (SBG) og Ómar Valur Jónasson (ÓVJ).

Borgarsögusafn Reykjavíkur

Skýrsla nr. 219

Reykjavík 2022

Öll réttindi áskilin

## Grunnupplýsingar um rannsókn

Leyfisnúmer Minjastofnunar Íslands: 201606-0078

Þjóðminjasafnsnúmer: 2021-20

Stutt lýsing rannsóknar: Fornleifarannsókn á bæjarstæði Árbæjar. Upphaf búsetu og þróun bæjarins frá öndverðu.

Tegund rannsóknar: Vísindarannsókn og nemendauppgröftur.

Staðsetning: Árbæjarsafn, Kistuhyl 4, 110 Reykjavík, Suðurland.

GPS hnit: A 362653 N 404777

Rannsóknartími: 4. maí - 4. júní 2021.

Leyfishafi: Sólrún Inga Traustadóttir.

Fjöldi sérfræðinga: Alls 8 yfir allt árið; 4 (vettvangsrannsókn) + 4 (greiningar á fundasafni)

Fjöldi nemenda: 11



# Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	5
Myndaskrá .....	7
Inngangur.....	9
Fyrri rannsóknir .....	10
Fornar rætur Árbæjar - vettvangsrannsókn 2021 .....	12
Aðferðafræði.....	12
Uppgraftarsvæði A .....	14
Uppgraftarsvæði B .....	16
Uppgraftarsvæði C.....	17
Gripir 2021.....	19
Málmur .....	21
Leir .....	21
Dýrabein .....	22
Gler.....	23
Steinn .....	24
Annað .....	25
Greiningar á fundasafni .....	25
Leir .....	26
Gler .....	27
Málmur.....	27
Aðrir gripir .....	29
Samantekt.....	30
Dýrabein.....	31
Gripir í röntgen .....	32
Miðlun rannsókna .....	33
Samfélagsmiðuð fornleifafræði.....	34
Lokaorð .....	35
English summary.....	37

Heimildaskrá.....	40
Útgefið efni .....	40
Óútgefið efni .....	42
Heimildir af vef .....	42
Viðauki I – Gripir frá Árbæ .....	43
Artefacts from Árbær .....	44
Viðauki II – Fornar rætur Árbæjar –Dýrabeinagreining ÁFANGASKÝRSLA 2021.....	50
Viðauki III - ICP-MA/ES analyses of post medieval ceramics from Árbær, Reykjavík .....	78
Viðauki IIII - Kort .....	87
Yfirlitskort .....	87
Svæði A .....	88
Svæði B .....	89
Svæði C.....	90
Viðauki V – Fundaskrá 2021.....	91
Viðauki VI - Einingaskrá .....	106
Viðauki VII - Flæðirit (Harris Matrix).....	114
Svæði A .....	114
Svæði B .....	115
Svæði C.....	116
Viðauki VIII - Ljósmyndaskrá.....	117
Viðauki VIII – Sýnaskrá .....	133
Viðauki X – Mannvirkjaskrá 2021 .....	134

# Myndaskrá

Mynd 1. Yfirlitskort af svæðum A, B og C, ásamt könnunarskurðum 1-7 sem voru gerðir árin 2016 og 2020. Kort: ÓVJ.....	12
Mynd 2. Nemandi að sigta jarðlög úr öskuhaugnum.....	13
Mynd 3. Á myndinni má sjá stækkun til norðvesturs á svæði A, horft til norðausturs. Til vinstri er stórgrýti í hlöðugrunni, gjóskan K~1500 in situ og neðst í vinstra horninu er kaldavatnslögn sem liggur yfir svæði A og C og inn í bæjarhúsin.....	15
Mynd 4. Kort af jarðlögum á stækkun á svæði A unnið í QGIS af Sigþóri Bjarma Geirssyni.	16
Mynd 5. Kort af jarðlögum á svæði B unnið í QGIS af Sigþóri Bjarma Geirssyni. ....	17
Mynd 6. Yfirlitsmynd af svæði B, tekin með flygildi, horft til norðausturs.....	17
Mynd 7. Kort af jarðlögum á svæði C unnið í QGIS af Sigþóri Bjarma Geirssyni, nemandi á fornleifafræði.....	18
Mynd 8. Yfirlitsmynd af svæði C, horft til suðausturs.....	19
Mynd 9. Súluritið hér fyrir ofan sýnir skiptingu gripa eftir efnisflokkum. ....	20
Mynd 10. Hér má sjá skiptingu gripa eftir svæðum, en meirihluti gripanna fundust í öskuhaugnum, svæði B, eða alls 143 af 217. ....	20
Mynd 11. Tvær litlar sylgur (2021-20-157) sem fundust í öskuhaugnum.....	21
Mynd 12. Hnífsskaft sem fannst í öskuhaugnum. Töluvert af fínum borðbúnaði er að finna í fundasafni öskuhaugsins.....	21
Mynd 13. Rauðleirkersbrot úr tveimur ílátum með glerungi (2021-20-36) sem fannst á svæði C. Það minna er brún af könnu eða krukku.....	21
Mynd 14. Fiskibein úr öskuhaugnum.....	22
Mynd 15. Hrossatennur úr öskuhaugnum. ....	22
Mynd 16. Kampavínsflöskubrot frá svæði C.....	23
Mynd 17. Brot af fæti á drykkjarbikar eða staupi frá 17. öld sem fannst í öskuhaugnum....	23
Mynd 18. Hálfur sleggjuhaus úr storkubergi sem fannst á svæði C. ....	24
Mynd 19. Innflutt brýni, úr ljósgráu og fínkorna flögubergi, sem fannst á svæði C. ....	24
Mynd 20. Perla úr svartarafi (2021-20-43).....	25
Mynd 21. Korktappi sem fannst á svæði C. ....	25
Mynd 22. Roemer drykkjarglas. Ljósmynd: Ulrich Mayring.....	27
Mynd 23. Hvít postulíns tala af Prosser gerð (2021-20-147) sem fannst á svæði C. ....	29
Mynd 24. Svört postulínstala af Prosser gerð (2018-18-1) sem fannst á svæði A. ....	29
Mynd 25. Bein úr landsel (2019-36-305) sem fannst í öskuhaugnum.....	31
Mynd 26. Járnbútur sem reyndist vera lykill, en gripurinn fannst í öskuhaugnum í fyrri. ..	32
Mynd 27. Þessi reyndist einnig vera lykill með skemmtilegri lykkju á endanum. Fannst í öskuhaugnum. ....	32
Mynd 28. Lítil sylgja (til vinstri) og óþekktur hlutur (hægri). Fundust í öskuhaugnum.....	32
Mynd 29. Þegar þessi gripur fannst í öskuhaugnum var talið að þetta væri einskonar hamar eða öxi. Eftir röntgen sjást hins vegar tvö lítil göt á honum.....	33

Mynd 30. Gestir í leiðsögn við uppgraftarsvæði C.....	34
Mynd 31. Nemendur og leiðbeinendur rannsóknarinnar árið 2021. ....	36
Mynd 32. Uppgraftarsvæði A og C við bæjarhús Árbæjar. Vestur vísar upp. // Excavation areas A & C east of Árbær farmhouse. Facing west. ....	38



# Inngangur

Fornleifarannsóknin *Fornar rætur Árbæjar* hófst árið 2016 og var 2021 því sjötta rannsóknarárið. Rannsóknin er á vegum Borgarsögusafns Reykjavíkur og Sólrúnar Ingu Traustadóttur, fornleifafræðings, unnið í samstarfi við námsbraut í fornleifafræði við Háskóla Íslands. Rannsóknin hlaut góðan styrk frá fornminjasjóði og þakka aðstandendur fornminjanefnd og Minjastofnun Íslands fyrir veittan stuðning undanfarin ár.

Markmið rannsóknarinnar í Árbæ er að rannsaka búsetusögu og þróun bæjarins með sérstakri áherslu á þann tíma sem ekki er sagt frá í rituðu heimildum, ásamt því að miðla rannsóknnum og niðurstöðum þeirra til gesta safnsins.

Árið 2021 fór fornleifauppgröftur fram á bæjarstæði Árbæjar frá 4. maí til 4. júní. Leyfishafi rannsóknar var Sólrún Inga Traustadóttir, fornleifafræðingur. Hún var einnig umsjónarmaður vettvangsnámskeiðsins FOR406G (Fornleifarannsókn á vettvangi) við Háskóla Íslands sem er kennt á Árbæjarsafni. Alls tóku ellefu nemendur þátt í uppgröftrinum þetta rannsóknarár. Ásamt Sólrúnu voru fornleifafræðingarnir Angelos Parigoris og Hulda Björk Guðmundsdóttir leiðbeinendur á námskeiðinu. Hreinsun, pökkun og skráning gripa í gagnagrunn Sarps, menningasögulegs gagnasafns, var einnig liður í vettvangsnámskeiðinu og fór fram samhliða uppgröftrinum. Margrét Björk Magnúsdóttir, fornleifafræðingur hjá Borgarsögusafni Reykjavíkur, hafði yfirumsjón með því, auk þess að kynna nemendum fyrir fornleifaskráningu. Nemendur sem tóku þátt voru Agla Geirlaug Aradóttir Ringsted, Atli Freyr Guðmundsson, Birna Magnúsdóttir, Brynja Árnadóttir, Cassandra Ruiz, Lise Østgaard Rangnes, Nína Friðriksdóttir, Sigurður Már Þórhallsson, Sigbór Bjarmi Geirsson, Þorgerður Hjelm Daníelsdóttir og Ögn Þórarinsdóttir. Auk þeirra tók MA nemandi og starfsmaður á Árbæjarsafni, Sigurlaugur Ingólfsson, þátt í nokkra daga. Kristján Björn Ólafsson smiður og ráðsmaður á Árbæjarsafni aðstoðaði við að opna og loka uppgraftarsvæðum. Gröfuvinna var unnin af Jóni Sigurgeirssyni, vinnuvélastjóra. Úrvinnsla og skráning gagna fór fram haustið 2021 sem hluti af námskeiðinu FOR202G (Aðferðafræði II). Aðalumsjónarmaður námskeiðsins var Angelos Parigoris og tóku sjö nemendur þátt í því. Aðrir kennarar á námskeiðinu voru Sólrún Inga Traustadóttir og Ómar Valur Jónasson.

Aðstandendur rannsóknarinnar þakka innilega öllum þeim sem tóku þátt árið 2021 fyrir framlag þeirra til rannsóknarinnar.

## Fyrri rannsóknir

Sumarið 2015 fundust mannvistarlög við endurnýjun á drenlögnum við Árbæ. Drenskurðurinn var um metri á breidd og dýpt, og um 30 metrar á lengd. Framkvæmdin leiddi þó í ljós allt að tveggja metra þykk mannvistarlög og var talið að þau teygðu sig um 14 metra suðaustur frá bænum. Greina mátti að mannvistarlögin lágu bæði yfir og undir gjóskulagi frá árinu 1500 (Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lísía Guðmundsdóttir, 2015).

Sumarið 2016 hófst fornleifarannsóknin *Fornar rætur Árbæjar* formlega og voru þá grafnir fimm könnunarskurðir og fundust mannvistarleifar frá mismunandi tímabilum í þeim öllum. Í einum þeirra komu í ljós mannvirki sem voru eldri en frá árinu 1226. Magnús Á. Sigurgeirsson, jarðfræðingur, greindi gjóskulög í sniði hans og greindi m.a. hið svokallaða miðaldalag frá 1226 *in situ* og fyrir neðan það var að finna hlaðinn torfvegg með landnámsgjósku (Sólrun Inga Traustadóttir og Anna Lísía Guðmundsdóttir, 2017).

Sumarið 2017 var svæði A opnað og var það 6 x 8 metrar að stærð. Einnig voru tekin borkjarnasýni á svæðinu, þar á meðal í hól vestan við bæjarstæðið en grunur lék á að þar væri öskuhaugur. Borkjarnasýni staðfestu þann grun og hægt var að greina gjóskulagið K~1500 undir haugnum. Það var því ljóst að öskuhaugurinn hefur komið til eftir eldgos í Kötlu um árið 1500. Um sumarið komu tvö ný mannvirki í ljós á svæði A og voru grafin upp mannvistarlög frá fyrri hluta 20. aldar til 16. aldar (Sólrun Inga Traustadóttir, 2018).

Sumarið 2018 var fyrsta sinn sem vettvangsnámskeið í fornleifafræði við Háskóla Íslands fór fram á Árbæjarsafni og hófst þá samstarf á milli Borgarsögusafns Reykjavíkur og Háskóla Íslands um að kennsla færi fram þar næstu árin. Alls tóku 11 nemendur þátt í námskeiðinu. Uppgriftarsvæði A var stækkað 2 metra til suðurs og 4 metra til austurs og varð því 10 x 10 metrar og opnað var nýtt svæði á öskuhaugnum 6 x 9 metrar norðvestan við smiðjuna. Í sniði á nútímaskurði á svæði A kom í ljós lítið eldstæði sem var í notkun fyrir árið 1226, en ofan á

Því mátti sjá torfhrun með landnámsgjósku. Það ár voru einnig gerðar jarðsjármælingar á um 725 fermetra svæði (Sólrún Inga Traustadóttir et al, 2019).

Sumarið 2019 var haldið áfram að grafa á svæðum A og B ásamt því að jarðsjármælingum var fram haldið. Á svæði A var lögð áhersla á austurhluta svæðisins þar sem yngri mannvistarlæg var að finna en það helsta sem kom í ljós voru 12 stoðarholur eftir timbursvið sem stóð þar á 20. öld við hátíðarhöld á Árbæjarsafni. Einnig kom í ljós torfveggur í sniði í einum lagnaskurðanna, um var að ræða strengjatorf sem innhélt einungis gjósku frá árinu 1226, en þessi samsetning af torfvegg hafði ekki fundist áður á svæðinu. Á svæði B var komið niður á óhreyfðan jarðveg á norðurhluta svæðisins og því farið að sjá fyrir botni öskuhaugsins, en þó voru eftir þykk ruslalög í austur og suðurhluta uppgriftarsvæðisins (Sólrún Inga Traustadóttir et al. 2020).

Sumarið 2020 var haldið áfram að grafa á svæðum A og B. Svæði A var stækkað um 1.5 metra til suðurs og 0.7 metra til vesturs. Einnig voru grafnir tveir könnunarskurðir við bæjarhúsin, nr. 6 og 7 til að sannreyna niðurstöður jarðsjármælinga fyrri ára. Í skurði nr. 7 kom í ljós torfbygging, sennilegast byggð eftir árið 1500, drenlagn og grjót úr hlöðu frá 19. -20 öld (Sólrún Inga Traustadóttir et al, 2021). Nánar um niðurstöður og samanburð á mælingagögnum er að finna í MA ritgerð eftir Ómar Val Jónasson: *Penetrating the Ancient Roots. The excavation of two new test trenches, and a comparison to ground penetrating radar data at Árbær.*

# Fornar rætur Árbæjar - vettvangsrannsókn 2021

Sumarið 2021 fór fram fornleifauppgröftur á þremur svæðum; svæði A, sem var fyrst opnað sumarið 2017. Svæðið var stækkað á þessu ári um 4 x 6,3 metra til norðvesturs og austasta hluta svæðisins var lokað. Einnig hófst uppgröftur á nýju svæði; svæði C, sem varð til út frá könnunarskurði nr. 7, sem gerður var árið áður og er svæðið 3,7 x 7 metrar. Áfram var grafið á svæði B, öskuhauginum, sem er vestan við bæjarhúsin og smiðjan var byggð ofan í.



Mynd 1. Yfirlitskort af svæðum A, B og C, ásamt könnunarskurðum 1-7 sem voru gerðir árin 2016 og 2020. Kort: ÓVJ.

## Aðferðafræði

Einingaaðferð (e. *single-context method*) var notuð við uppgröftinn, á svæðum A og C, en sú aðferðafræði getur verið tímafrek á vettvangi en úr verða góð og ítarleg gögn um hvert jarðlag og hvern stein sem fjarlægð eru við uppgröft. Einnig eru fundarstaðir og samhengi

gripa skráð ítarlega. Einingaaðferðin felur í sér að hvert mannvistarlag er skráð sem stök eining, hvort sem um er að ræða jarðlag, byggingarluta, holu, skurð o.s.frv. Hverri einingu er lýst á sérstöku skráningarblaði, hún mæld upp með alstöð (skv. hnitakerfi ISN93) og ljósmynduð. Mælingum úr alstöð (TopCon) var hlaðið niður á hverjum degi í gagnagrunninn Intrasis, sem heldur utan um öll gögn sem viðkoma fornleifarannsókninni. Austursnið öskuhaugsins var teiknað á svæði B og fengu nemendur þar góða æfingu í sniðteiknun.



*Mynd 2. Nemandi að sigta jarðlög úr öskuhaugnum.*

Á svæði B var grafið í sneiðum (*e. spits*) þar sem erfitt er að greina á milli einsleitra móöskulaga í öskuhaugnum. Aðferðin felur í sér að ákveðin þykkt jarðlaga er fjarlægð eftir að svæðið sem um ræðir er ljósmyndað og mælt með alstöð. Í þessu tilfelli voru fjarlægðir 5-10 cm í einu og svo er þetta endurtekið sem verður til þess að sama jarðlag er mælt nokkrum sinnum. Allur jarðvegur af svæði B var sigtaður með 7 mm sigti. Múrskeið var notuð við uppgröft nema þegar ný svæði voru opnuð á svæðum A og C, sem voru opnuð með gröfu og skófluspaða.

Loftmyndir voru teknar reglulega með flygildi af uppgraftarsvæðunum þremur ásamt fjölda vinnumynda sem Margrét Björk Magnúsdóttir, fornleifafræðingur, tók af starfsfólki og nemendum á meðan á vettvangsnámskeiði stóð. Allar ljósmyndir sem teknar voru á vettvangi voru skráðar jafnóðum í ljósmyndaskrá sem er færð á stafrænt form eftir uppgröftinn. Einnig voru töflur yfir einingar og gripi færðar yfir á stafrænt form. Forrit sem notuð voru við úrvinnslu gagna eru Intrasis, qGIS, Harris Matrix Composer, Microsoft Excel og Microsoft Word.

Grisjunarstefna rannsóknarinnar er almennt sú að allt sem telst til fornleifa, skv. 3 gr. laga um menningarminjar í I þætti, I., er tekið til varðveislu. Rannsóknin fylgir leiðbeiningum Þjóðminjasafns Íslands um frágang og umhirðu forngripa (Leiðbeiningar um umhirðu forngripa og frágang sýna, 2013). Gripir eru hreinsaðir, ljósmyndaðir, mældir og skráðir í Sarp sem er menningarsögulegt gagnasafn og pakkað í viðeigandi umbúðir sem merktar eru með safnnúmeri. Allir fundir og sýni frá árinu 2021 hafa verið skráð í Sarp.

Svæðum A og B var lokað þegar uppgreftri lauk 4. júní með plasti og túnþökum en svæði C var opið lengur fyrir gesti en síðan lokað með sama hætti haustið 2022. Öll fornleifafræðileg gögn verða varðveitt tímabundið á Árbæjarsafni á meðan á rannsókn stendur yfir.

## Uppgraftarsvæði A

Í þessum áfanga var svæði A stækkað til norðvesturs en í þá átt stefna mannvistarlög og byggingar sem tilheyra eldri búsetustigum Árbæjar. Þar er að finna miklar grjóthleðslur og hrun eftir hlöðu, [5], sem stóð á bæjarhólnum fram undir miðja 20. öld. Hlaðan hefur verið niðurgrafin og raskar eldri mannvirkjum á svæðinu. Hluti af fyllingu og grjóti, [12593], sem tilheyrði hlöðunni, var fjarlæggt ásamt röskuðum lögum, m.a. fyllingum í lagnaskurðum frá nútíma, [13107], og skáhallandi grjótgarði [204]<sup>1</sup>, sem er sýnilegur á yfirborði. Fyrirhugað var að stækka svæði A enn frekar til vesturs, að núverandi bæjarhúsum en stórgrýtið úr gömlu hlöðunni var of fyrirferðarmikið. Hlaðan hafði þriggja metra háa grjótveggi og var 8 x 6m að stærð þegar hún var í notkun á fyrri hluta 20. aldar (Hörður Ágústsson, 1992). Mjög

---

<sup>1</sup> Sjá nánar í *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2016.*


tímafrekt reyndist að fjarlægja grjótleifar úr hlöðunni og því var ákveðið að opna nýtt svæði, C, um 2 metra frá austurgafli Árbæjar. Fyrir utan hlöðugrunninn og nútímaskurði fannst ljósgult torf með K~1500 gjósku, [15395], og undir því var K~1500 in situ, [15749], ofan á stóru grjóti og eldra torfi sem á eftir að rannsaka nánar, en við fyrstu sýn virðist það vera mannvirki sem inniheldur tvö mismunandi gjóskulög, önnur gjóskan er grófkorna grágræna, sennilegast 1226 og hin er fíngerð, tvískipt að lit, ljós og græn, sennilega landnámsgjóska.

Alls eru skráð 20 fundanúmer frá svæði A, þar af eru málmgripir í meirihluta en einnig eru nokkur flöskugler og eitt rúðugler, leirkersbrot (aðallega hvítleir og postulín) og leikfanga perla úr plasti.

Svæði A var einnig stytta um 3,4 metra að austanverðu í þessum áfanga og telst fullgrafið því þar var enga mannvist að finna undir gjósku úr Kötlu frá því um 1500.



Mynd 3. Á myndinni má sjá stækkun til norðvesturs á svæði A, horft til norðausturs. Til vinstri er stórgrýti í hlöðugrunni, gjóskan K~1500 in situ og neðst í vinstra horninu er kaldavatnslögn sem liggur yfir svæði A og C og inn í bæjarhúsin.



Mynd 4. Kort af jarðlögum á stækkun á svæði A unnið í QGIS af Sigþóri Bjarma Geirssyni.


## Uppgriftarsvæði B

Svæði B er nánast fullgrafið en þó má enn sjá að undir öskuhaugnum eru mannvistarlög sem innihalda kol, dýrabein og gripi. Vestast á svæðinu er óhreyfður jarðvegur með  $K \sim 1500$  *in situ*. Sýrustig í öskuhaugnum var mælt í sumar á sex stöðum í austur- og suðursniði. Niðurstöður mælinga sýndu að sýrustigið ætti að vera gott fyrir varðveislu á dýrabeinum en það mældist á bilinu 5.5 – 6.9 pH. Út frá þessu hefði varðveisla á dýrabeinum átt að vera betri en raun ber vitni. Ýmsar ástæður gætu haft með þetta að segja, Gegnumstreymi vatns í haugnum virðist vera býsna mikið og við þær aðstæður (bleyta – rennsli – þurrkun) varðveitast dýrabein illa. Annar möguleiki er að það sé annar haugur við bæjarhólinn sem inniheldur matarafgangna s.s. dýrabein.

Alls voru 143 fundanúmer skráð þetta rannsóknarár úr öskuhaugnum. Gripir sem fundust voru skeifur, hnífar, naglar, brýni, rauðleirsbrott úr grýtum og öðrum ílátum. Einnig kljásteynar, hrafntinna, hespa, koparprjónn og leðurbútar. Tvær perlur eru úr svartarafi, en þess má geta að ein slík perla hefur fundist áður í haugnum, (2019-36-26). Nánari



upplýsingar um perlurnar og fleiri gripi er að finna í kaflanum Greiningar á fundasafni í þessari skýrslu.




Mynd 5. Kort af jarðlögum á svæði B unnið í QGIS af Sigþóri Bjarma Geirssyni.

Mynd 6. Yfirlitsmynd af svæði B, tekin með flygildi, horft til norðausturs.

## Uppgriftarsvæði C

Nýtt svæði var opnað á þessu rannsóknarári, svæði C. Það er staðsett norðvestan við svæði A, nær núverandi bæjarhúsum og er 3,7 x 7 metrar að stærð. Svæðið var opnað áður en vettvangsnámskeið hófst. Austast á svæðinu var komið niður á steinsteypu, [12456], sem talið er að hafi verið undirstaða fyrir flaggstöng. Þegar steypan var fjarlægð skildi hún eftir sig djúpa holu, <12462>, og neðarlega í henni mátti sjá torf í sniði undir torfvegg [18057]. Torfveggur þessi þekur norðurhlið svæðisins og er um 70 cm hár og 1 meter á breidd. Hann er úr grængulu torfi með svartri fingerði gjósku,  $K \sim 1500$ . Honum hefur verið raskað bæði af holu, <12462>, fyrir steypu undirstöðuna, [12456], og kaldavatnslögninni, <12998>, sem liggur á ská yfir svæðið. Í suðaustur sniði sést grunnurinn af hlöðunni, mannvirki [5], sem nær yfir á svæði A.



Mynd 7. Kort af jarðlögum á svæði C unnið í QGIS af Sigþóri Bjarma Geirssyni, nemandi í fornleifafræði.

Auk þessa komu í ljós þrjár steinaraðir en tvær þeirra liggja þétt saman, [20], þar sem sléttu hliðarnar á steinunum vísa inn á móti hvor annarri. Jarðlagið á milli þeirra, [13884], var hart, dökkgrænt að lit með appelsínugulum hörðum járn útfellingum, sem er afar ólíkt öðrum jarðlögum á svæðinu og afmarkast það innan steinaraðarinnar [20]. Því hafa steinaraðirnar tvær verið túlkaðar sem dren. Drenið sást einnig í sniði í könnunarskurði 7 sem gerður var árinu áður. Ekki liggur fyrir hvaða byggingu drenið tilheyrði en í norðurenda þess hefur því verið raskað af niðurgreftri fyrir kaldavatnslögn, <12998>, og það heldur áfram í sniði til suðurs undir uppistandandi hlóðældhús og fjós Árbæjar. Óljóst er um hlutverk þriðju steinaraðarinnar, [21], að svo stöddu en hún liggur samsíða dreninu eins og sést á kortinu hér fyrir ofan. Engin mannvirki voru fjarlægð á svæði C fyrir utan grjótið úr gömlu hlóðunni. Steinaröðin, drenið og torfveggurinn voru því ekki fjarlægð, heldur aðeins skráð, mynduð og mæld með alstöð. Eitt annað mannvirki má greina á svæðinu en það kom fyrst í ljós við jarðsjármælingar 2018-2019 og síðan í könnunarskurði 7 árið 2020. Ofan á mannvirkinu,

sem byggt er úr torfi og grjóti, er töluvert af móösku. Það verður rannsakað á næsta uppgraftermisseri.

Þrátt fyrir að svæði C hafi verið mikið raskað hafa fundist þar áhugaverðir gripir sem varpa ljósi á efnismenningu staðarins, t.d. steinsleggja, brýni, skeifa, naglar, leirker, kopargjörð, rúðu- og flöskugler.




*Mynd 8. Yfirlitsmynd af svæði C, horft til suðausturs.*


## Gripir 2021

Allir gripir sem fundust við vettvangsrannsóknina árið 2021 hafa verið skráðir í Sarp, menningasögulegt gagnasafn, undir 217 fundanúmer, þar af 44 númer dýrabein. Nokkuð var um magnfundi, þ.e. gripir sem fundust í tilteknu jarðlagi og tilheyra sama efnisflokk voru

skráðir undir eitt fundanúmer. Það á helst við um járngrípi, s.s. nagla og stangir, leirkersbrot og dýrabein. Gjall hefur hingað til verið skráð í fundaskrá en er nú skráð sem sýni, fyrir utan eina afdellu, sem er úrgangur í tengslum við járnvinnslu. Um er að ræða mikið magn af hroða sem verður til við almenna brennslu á mó, t.d. í eldstæðum og er því skráð sem sýni. Algengasti efnisflokkurinn var sem fyrr *málmur* þar sem flestir gripir voru úr járni (67 af 78), en hér á eftir er stutt samantekt á öllum efnisflokkum sem fundust árið 2021.



Mynd 9. Súluritið hér fyrir ofan sýnir skiptingu gripa eftir efnisflokkum.



Mynd 10. Hér má sjá skiptingu gripa eftir svæðum, en meirihluti gripanna fundust í öskuhaugnum, svæði B, eða alls 143 af 217.

## Málmur

Alls eru skráðir 78 málmgripir, 67 úr járni og 11 úr kopar. Flestir eru járnaglar en einnig nokkuð af óþekktum málbrotum. Einnig fundust nokkur áhöld og verkfæri eins og hnífar, skeifur, sleggja, hespa, krókar og hnappur. Flestir járngrípanna fundust í öskuhaugnum á svæði B og telja 53 fundanúmer. Meðal þeirra voru tvær skeifur (2021-20-59 og 90) sylgjur úr járni (2021-20-157) sem gætu hafa verið hluti af beislisbúnaði. Töluvert er að finnast af gripum sem tengjast brúkun á hestum líkt og þessir sem eru nefndir hér, en einnig hafa fundist við uppgröftinn hóffjaðrir og mél.



*Mynd 11. Tvær litlar sylgjur (2021-20-157) sem fundust í öskuhaugunum.*



*Mynd 12. Hnífsskaft sem fannst í öskuhaugnum. Töluvert af fínum borðbúnaði er að finna í fundasafni öskuhaugsins.*

## Leir

Alls voru skráð 62 leirkersbrot undir 31 fundanúmeri. Eitthvað var um rauðleir og gulleir en einnig fannst eitt postulínsbrot á svæði C. Flest leirkersbrotin fundust á svæðum B og C, en 7 brot fundust á svæði A. Postulín er hætt að finnast á svæði B sökum aldurs jarðlaganna sem þar voru grafin þetta árið. Eitt postulínsbrot fannst hins vegar á svæði C, (2021-20-67). Ítarlegar greiningar á leirkerum sem hafa fundist við



*Mynd 13. Rauðleirkersbrot úr tveimur ílátum með glerungi (2021-20-36) sem fannst á svæði C. Það minna er brún af könnu eða krukku.*

rannsóknina er að finna í kaflanum *Greiningar á fundasafni* hér á eftir og í viðaukum þessarar skýrslu eftir Dr. Gavin Lucas.

## Dýrabein

Undir efnisflokkinn *bein* eru skráð alls 44 fundanúmer og er stór hluti þeirra magnfundir þ.e. að dýrabein og tennur úr sama jarðlagi eru skráð undir sama númer í Sarpi. Langflest, eða 42 koma úr öskuhaugnum á svæði B, nema fimm bein sem skráð eru undir tvö fundanúmer á svæði A. Beinín eru úr nokkrum dýrategundum, m.a. fiski- fugla- og húsdýrabein, ásamt tönnum og kjálkum úr húsdýrum.



Mynd 14. Fiskibein úr öskuhaugnum.



Mynd 15. Hrossatennur úr öskuhaugnum.

## Gler

Alls voru skráð 65 glerbrot undir 33 fundanúmer á þessu rannsóknarári. Flest glerbrotin fundust á svæði C, þar af 13 rúðugler, 11 flöskubrot, m.a. kampavínsflaska (sjá mynd 16), 7 brot úr öðrum ílátum og eitt brot af skermi á olíulampa. Einnig eru fimm fundir frá svæði A og átta frá svæði B.



*Mynd 16. Kampavínsflöskubrot frá svæði C.*



*Mynd 17. Brot af fæti á drykkjarbikar eða staupi frá 17. öld sem fannst í öskuhaugnum.*

## Steinn

Skráð voru alls 21 fundanúmer undir efnisflokknum *steinn*. Af gripum úr steini voru brýnisbrot úr flögubergi (3), kljásteynar (4) og lóð (4). Sérstaklega áhugaverður gripur er sleggjuhaus (2021-20-48) sem hefur brotnað í tvennt og fannst í jarðlagi [15450] vestanmegin við torfvegg [18057] á svæði C. Aðrir steinar sem voru varðveittir voru hraftinna (2), grágrýti (1), vikur (1), holufylling (1) og hraungrýti (1).



*Mynd 18. Hálfur sleggjuhaus úr storkubergi sem fannst á svæði C.*



*Mynd 19. Innflutt brýni, úr ljósgráu og fínkorna flögubergi, sem fannst á svæði C.*



## Annað

Undir *annað* flokkast gripir sem falla ekki undir hina efnisflokkana, eða eru úr samsettum efnum. Þar má nefna tvær perlur (2021-20-43, 2021-20-71) úr svartarafi, leikfang úr plasti (2021-20-2), leðurbútur (2021-20-150), korktappa (2021-20-42) og hnífsskaft úr viði með málmkreyti á enda og litlum koparnöglum (2021-20-87), sjá Mynd 12. Perlurnar tvær eru af sömu gerð og perla sem fannst árið 2019 (2019-36-26) og líkist einnig perlu sem fannst við uppgröft á hólum í Hjaltadal árið 2002 (2002-37-368) (Sarpur, á.á). Perlurnar eru taldar vera frá 19. öld. (Lucas, Gavin, 2021).



Mynd 20. Perla úr svartarafi (2021-20-43).



2021-20-42

Mynd 21. Korktappi sem fannst á svæði C.

## Greiningar á fundasafni

Á þessu ári hófu sérfræðingar vinnu við greiningar á fundasafni rannsóknarinnar frá árunum 2017-2021. Dr. Gavin Lucas, prófessor í fornleifafræði við Háskóla Íslands, sá um greiningar á öllum efnisflokkum, að utan skildum gripum úr steini, gjalli og dýrabeinum. Niðurstöður hans er að finna í viðauka þessarar skýrslu, Viðauki I – Gripir frá Árbæ, en í kaflanum hér á eftir er greint frá helstu niðurstöðum. Dr. Sólveig Beck, fornleifafræðingur, sá um greiningar á steingripum og gjalli og vinnur að skýrslu um niðurstöður sínar sem verða birtar í áfangaskýrslu næsta árs. Dýrabeinagreiningar eru á höndum Albínu Huldu Pálsdóttur, dýrabeinafornleifafræðings og doktorsnema við Landbúnaðarháskóla Íslands en hún hóf

greiningar sínar á dýrabeinasafninu á árinu. Alls hefur hún greint 14 af 15 fundanúmerum sem skráð voru við rannsóknina árið 2019 undir dýrabein (úr öskuhaugnum). Sjá má niðurstöður hennar í Viðauki II – Fornar rætur Árbæjar –Dýrabeinagreining ÁFANGASKÝRSLA 2021.

Fundasafnið í heild er áhugavert fyrir margar sakir en gripirnir sem greindir voru frá svæði A og C ná yfir tímabilið frá seinni hluta 19. aldar til fyrri hluta 20. aldar. Gripir úr öskuhaugnum á svæði B ná hins vegar yfir mun lengra tímabil, allt frá seinni hluta 16. aldar/17. aldar til 20. aldar. Það má segja að fundasafnið úr öskuhaugnum sé frekar óvenjulegt og einkennist af tveimur tímасkeiðum, gripum 16 - 17. öld og síðan frá seinni hluta 18. aldar - 20. aldar. Það virðist vanta eitt tímасkeið þarna á milli, þ.e.a.s. það virðist vanta gripi frá 18. öld inn í safnið. Krítarpípur, ásíkt postulín, ásamt sérstökum tegundum af leirkerum og gleri er ekki að finna í fundasafninu frá Árbæ, eða að það er afar lítið af þeim til staðar. (Lucas, 2021). Nánar um þetta í kaflanum Samantekt hér á eftir.

## Leir

Stærsti leirkeraflokkurinn í safninu er blýglerjaður (e. *lead-glazed*) rauðleir og slípaður/fágaður (e. *refine*) hvítleir. Rauðleirinn er að mestu brot úr grýtum og pottum en þó var einnig töluvert magn af borðbúnaði, s.s. matardiskum. Mörg þessara ílát eru aldursgreind til 17. aldar út frá greiningu á barmi/brún (e. *rim*) ílátanna. Önnur leirker frá sama tíma eru af gerðinni *faience*, sem er vandað, gljáð og litskreytt postulín eða leir. Oftast er um að ræða ílát eins og diska og föt, sennilega hollensk að uppruna. Einnig er í safninu þýskur steinleir sem er flestur úr litlum krukum. Postulín frá Asíu er ekki algengt en a.m.k. eitt má greina til seinni hluta 18. aldar/fyrri hluta 19. aldar. Annað postulín, flest úr testellum, var frá seinni hluta 19. aldar/fyrri hluta 20. aldar. Næst stærsti leirkeraflokkurinn er verksmiðjuframleiddur, fágaður/slípaður jarðleir (e. *industrial refined earthenware*). Oftast er um að ræða hvítleir en einnig er að finna nokkur brot úr *creamware* og *pearlware*. Yfir heildina séð þá er þessi jarðleir að mestu úr diskum en undarlega fá brot eru úr te- og kaffistellum, s.s. bollum og undirskálum. (Lucas, 2021).

Krítarpípur eru fáséðar í safninu en aðeins níu brot hafa fundist í heildina við rannsóknina, fyrir utan eitt brot sem fannst við framkvæmdaefirlit við bæinn árið 2015. Aðeins eitt þeirra var hægt að aldursgreina og er það frá 18. öld eða fyrri hluta 19. aldar en það fannst á svæði A. Gripur númer (2017-17-89) virðist vera endurunnin krítarpípa og því fengið annað hlutverk síðar, sem perla.

Í ljósi þess hversu stórt fundasafnið er þá kemur á óvart hversu fáar krítarpípur hafa fundist. (Lucas, 2021).

## Gler



Gler er býsna stór efnisflokkur í fundasafninu en flest glerjanna eru úr sívalningslaga flöskum og glösum frá seinni hluta 19. aldar og fyrri hluta 20. aldar. Nokkur ílát eru frá fyrri hluta 19. aldar og nokkrar ferningslaga flöskur eru sennilegast frá 17. öld. Drykkjarglös eða bikarar eru frá 17. öld, m.a. af gerðinni *Roemer* (einnig þekkt sem *Rummer*), sjá Mynd 22 og *pedestalled beaker*. Einnig bikarglös af gerðinni *facon d'Angleterre* og *Baluster knop stem* en það síðara var framleitt á árunum 1670-1720. Glerbrot úr gluggum var einnig að finna í safninu ásamt brotum úr skermum olúlampa frá seinni hluta 19. aldar og fyrri hluta 20. aldar. (Lucas, 2021).

Mynd 22. *Roemer drykkjarglas.*  
Ljósmynd: Ulrich Mayring.

## Málmur

Málmur er stærsti efnisflokkurinn í fundasafni Árbæjar, þar af er mest um járngrípi og nokkuð af koparblönduðum gripum. Hlutverk flestra þessara gripa tengjast byggingarefni og húsbúnaði, þar sem naglar af ýmsum gerðum eru í miklum meirihluta. Næst algengast eru gripir sem tengjast klæðnaði, verkfærum, borðbúnaði og litlum nöglum með flatan haus, mest hóffjaðrir (Lucas, 2021).

Af járngrípum voru naglar algengastir, því næst rónaglar, járnbönd (e. *strapwork*<sup>2</sup>), girðingavírar, hjarir/lamir, kengjur, gluggajárn, hengilásar og lykklar. Alls mátti greina fjórar megingundir af nöglum. Tvær gerðir voru algengastar, handsmíðaðir úr járnstöngum eða fyrir fram klipptum teinum (e. *pre-cut sprigs*). Önnur týpan er með T-laga haus og þverskurðurinn er rétthyrningslaga, flestir um 35-30 mm langir, en slíkir naglar hafa sennilega verið notaðir mest sem hóffjaðrir en mögulega einnig góðir til annars brúks. Hin týpan er með óreglulegri flötum haus og þverskurðurinn er meira ferningslaga, flestir eru að sömu stærð og fyrri týpan. Þeir allra stærstu hafa verið notaðir með ró og því gegnt sama hlutverki og rónaglar. Aðrir naglar voru verksmiðjuframleiddir á 20. öld. Naglar úr koparblöndu voru af tveimur þekktum gerðum, *solid and rolled shafts* (Lucas, 2021).

Rónaglar voru úr bæði járni og koparblöndu en þeir fyrrnefndu eru yfirleitt stærri með innramál, (að einum undanskildum), á milli 20-30 mm, sem bendir til þess að þeir hafi verið notaðir til að halda saman tveimur litlum viðarbútum sem hafa verið hvor um sig um 10-15 mm að þykkt. Naglar af þessari gerð gætu því komið úr húsgögnum eða ílátum. Það er ólíklegt að rónaglar af þessari stærð hafi verið notaðir í bátasmíði. Koparnaglarnir voru enn minni, eða um 10-20 mm að innramáli, sem bendir til þess að þeir hafi verið notaðir fyrir enn minni hluti (Lucas, 2021).

Nokkur verkfæri og áhöld eru að finna í fundasafninu þar sem algengastir eru hnífar úr járni, ætlaðir til tálgunar og *scale tanged* hnífar þar sem hnífsblaðið gengur inn í skaftið. Þeir síðarnefndu eru sérstaklega vandaðir og eru að öllum líkindum frá 17. öld. Tvær skeiðar hafa fundist, önnur úr hvítmálmi frá 19/20.öld, hin úr koparblöndu, sennilega frá 17. öld. Önnur áhöld er tengjast handverki eru alir, gatari, ásamt verkfærum sem tengjast málmvinnslu, s.s. hluti úr steðja og töngum. Einnig eru í safninu þrjú skæri. Nokkuð er af brotum úr hestaskeifum úr járni, flestar voru einfaldar með ferningslaga götum en fáeinar voru með skafla (e. *chalkins*<sup>3</sup>) og stansaðar (e. *fullering*). Ein var með uppslætti á tá (e. *toe bar*) sem

---

<sup>2</sup> a type of ornamentation imitating pierced and interlaced straps or bands, usually forming a geometric pattern.

<sup>3</sup> a metal cleat on the bottom front of a horseshoe to prevent slipping

bendir til þess að skeifan hafi verið framleidd í verksmiðju. Tvö brot úr beislisméli fundust einnig.

Málmgripir sem tengjast klæðnaði eru flestir úr koparblöndu, s.s. hnappar, sylgjur og annars konar festingar, ásamt pinnum (e. chapes) úr sylgjum og slíðri (e. *ainglets*<sup>4</sup>). Aðrir gripir eru blý innsigli fyrir textíl, rónagli með blýviðgerð og hagl úr blýi. Einn danskur silfurpeningur fannst, tveir ríkisskildingar, merktur SKILLING 1836 (Frederick VI). Fimm aðrir aurar úr koparblöndu fundust, allir frá 20. öld, með frekar lágt verðgildi (Lucas, 2021).

## Aðrir gripir

Í fundarsafni Árbæjar er að finna þó nokkra fjölbreytta gripi og þar ber mest á hnöppum, sem eru 10 talsins og tölum. Hnapparnir eru með viðarkjarna (e. *wooden core*). Þeir eru frekar nútímalegir og voru sennilegast notaðir í áklæði (Lucas, 2021), t.d. við bólstrun á húsgögnum.

Tölurnar eru með götum til að sauma í gegnum (e. *sew-through type*), þar af þrjár postulíns tölur af Prosser gerð, sennilega frá fyrri hluta 20. aldar (sjá Mynd 23) og tvær úr plasti. Flestar tölurnar koma frá svæði A (Lucas, 2021).



Mynd 23. Hvít postulíns tala af Prosser gerð (2021-20-147) sem fannst á svæði C.



Mynd 24. Svört postulínstala af Prosser gerð (2018-18-1) sem fannst á svæði A.

<sup>4</sup> metal or plastic sheath over the end of a shoelace or ribbon.

Fimm perlur hafa fundist við uppgröftinn, þrjár úr svartarafi (e. *jet*) fundust í öskuhaugnum og eru sennilegast frá 19. öld. Tvær eru tuttugustu aldar plastperlur en þær fundust á svæði A.

## Samantekt

Fundasafnið úr Árbæ er að nokkru óvenjulegt miðað við það sem gengur og gerist í öðrum fundasöfnum frá sama tímabili, 16. öld til fyrri hluta 20. aldar. Einnig er „eyða“ í tímatali fundasafnsins, þ.e. það virðist vanta gripi sem tilheyra fyrri hluta 18. aldar. Nokkrar útskýringar koma til greina. Ein þeirra gæti verið vegna þess að rusli var hent á annan stað á 18. öld, þó nálægt bænum, en fyrir utan mörk núverandi uppgraftarsvæðis. Önnur er sú að öskuhaugnum hafi verið raskað á einhvern hátt. Sú þriðja er að gífurleg breyting hafi verið á neyslu og innflutningi á bænum á þessum tíma sem sést svona vel í fundasafninu. (Lucas, 2021). Þess má þó geta að örlög íbúanna í Árbæ á þessum tíma (árið 1704) voru ekki farsæl. Tvíbýli var þá á jörðinni og bjó Sæmundur Þórarinsson ásamt fjölskyldu sinni á öðrum helmingnum en á hinum bjó Sigurður Arason ungur og ókvæntur. Sigurður varð Sæmundi að bana við Skötufoss að kvöldi 21. september. Litlu síðar komst af stað kvittur um að Sigurður hafi verið valdur að dauða Sæmundar en hann bar það af sér í fyrstu en viðurkenndi síðan að hafa valdi dauða Sæmundar að áeggjan Steinunnar konu hans. Sigurður var dæmdur til dauða ásamt Steinunni á Kópavogspingi 12. nóvember 1704 (Annálar I, bls. 468-470 (Vallaannáll); II, bls. 353, 555 (Hestsannáll); III, bls. 526 (Grímsstaðaannáll); IV, bls. 180 (Setbergsannáll)). Engar íslenskar ritheimildir eru um bæinn fyrr en þónokkru síðar eða 1838 (Jarðatal Johnsen) og þá er konungur að selja jörðina. Það eru þó skráðir þrír íbúar í Árbæ í manntalinu árið 1816, en árið 1835 eru komnir aðrir ábúendur; ekkill ásamt þremur börnum sínum. Í manntalinu 1840 eru enn á ný komnir nýjir ábúendur sem staldra við þangað til um 1855. Spurningin er því hvort þessi sorgarviðburður hafi gert það að verkum að ekki var búið á jörðinni aftur fyrr en uppúr 1816 og gæti þá verið skýringin að baki eyðunni í fundasafninu.

Aðrar áhugaverðar niðurstöður gripagreininga sýna að á 17. öld hafi Árbær haft góðan aðgang að innfluttum varningi fyrir heimilið, sérstaklega borðbúnaði sem tengist mat og drykk. Nokkuð er af vönduðum glerílátum og hnífum en einnig töluvert af grýtum/pottum sem hafa verið notuð við fín veisluhöld. (Lucas, 2021).

## Dýrabein

Dýrabein frá árinu 2019 voru greind í þessum áfanga, nema einn magnfundur (2019-36-134). Í þeim hluta dýrabeinasafnsins sem var greint var að finna þó nokkuð af beinum úr villtum dýrum, m.a. úr sel, hval, fiskum, fuglum og lindýr. Þar á meðal er eitt lærleggsbein úr landselskóp (2019-36-305), sjá Mynd 25. Í skýrslu um dýrabeinagreiningar segir Albína: „Þó að dýrabeinasafnið frá Árbæ sé ekki sérlega stórt enn sem komið er fyllir það í ákveðið gat. Fá dýrabeinasöfn frá hefðbundnum sveitabæjum á þessu svæði og tímabili hafa verið greind hingað til. Mikið magn dýrabeina hefur fundist í fornleifarannsóknum í miðbæ Reykjavíkur en þau eru mjög eðlisólík safninu frá Árbæ.“ (Albína Hulda Pálsdóttir, 2021).



*Mynd 25. Bein úr landsel (2019-36-305) sem fannst í öskuhaugnum.*

## Gripir í röntgen

Í nóvember 2021 var farið með nokkra járngripa á Þjóðminjasafn Íslands í röntgenmyndatöku í þeim tilgangi að greina þá til hlutverka. Forverðirnir, Sandra Sif Einarsdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir sáu um myndatökuna. Hér á eftir eru myndir af þeim gripum sem sýndu áhugaverðar niðurstöður.



*Mynd 26. Járnþútur sem reyndist vera lykill, en gripurinn fannst í öskuhaugnum í fyrra.*



*Mynd 27. Þessi reyndist einnig vera lykill með skemmtilegri lykku á endanum. Fannst í öskuhaugnum.*



*Mynd 28. Lítil sylgja (til vinstri) og óþekktur hlutur (hægri). Fundust í öskuhaugnum.*





*Mynd 29. Þegar þessi gripur fannst í öskuhaugnum var talið að þetta væri einskonar hamar eða öxi. Eftir röntgen sjást hins vegar tvö lítil göt á honum.*

## Miðlun rannsóknar

Eitt af markmiðum rannsóknarinnar í Árbæ er að miðla henni og starfi fornleifafræðinga til gesta safnsins en árlega heimsækja um 40 þúsund manns Árbæjarsafn. Líkt og síðustu ár voru upplýsingaskilti við svæði A og B ásamt því að gestir gátu fylgst með fornleifafræðingum að störfum við uppgröft í maí og spurt spurninga. Rannsókninni er einnig miðlað í daglegum leiðsögnum starfsmanna á Árbæjarsafni. Viðbrögð gesta safnsins voru mjög jákvæð og virðist fólk alltaf jafn spennt fyrir uppgreftrinum og framvindu hans, jafnt stórir sem smáir. Fólk var mjög duglegt að sýna frumkvæði með því að spyrja spurninga og taka myndir á meðan að vettvangsrannsókn fór fram.

Rannsóknin er vel sýnileg á samfélagsmiðlum, bæði er hún með Instagram reikning og notar myllumerkið [#fornarrætur](#) og Facebook síðuna [Fornar rætur Árbæjar](#).



Mynd 30. Gestir í leiðsögn við uppgraftarsvæði C.

## Samfélagsmiðuð fornleifafræði

Hluti fornleifarannsóknarinnar í Árbæ snýr að samfélagsmiðaðri fornleifafræði (*e. community-based archaeology*) þar sem markmiðið er í stuttu máli að miðla og fræða almenning um rannsóknina og fornleifafræði með fjölbreyttum hætti. Einnig að skapa góðan og þægilegan vettvang þar sem fólk getur komið skoðunum sínum og hugmyndum á framfæri til sérfræðinga.

Leiðsögn fór fram þann 27. maí og mættu um 30 gestir. Gengið var um safnasvæðið og stoppað við fornleifar og uppgraftarsvæði. Einnig voru gripir skoðaðir og leiðsögnin endaði á sýningu um rannsóknina, sem er í safnhúsinu Landakoti og var opnuð árið 2020. Í salnum við hliðina var boðið uppá hressingu. Þátttakendur voru hvattir til þess að taka þátt í könnun sem miðar að því að íbúar í Árbæ og aðrir sem hafa áhuga geti komið sínum spurningum á framfæri sem rannsóknin mun síðan leitast við að svara.

## Lokaorð

Árið 2021 var sjötta rannsóknarárið í Árbæ og fjórða árið sem nemendauppgröftur fór fram í samstarfi við Háskóla Íslands. Uppgreftri var haldið áfram á svæðum A og B ásamt því að nýtt svæði, C, var opnað á bæjarhólnum út frá könnunarskurði sem gerður hafði verið árið áður. Upphaflega stóð til að sameina svæði A og C en það gekk ekki vegna grjóthnullunga úr hlöðu sem stóð á bæjarhólnum og liggja á milli svæða A og C. Þrátt fyrir að það gengi ekki eftir var svæði A bæði stækkað til norðvesturs og austasta hluta þess lokað. Á svæði A var rannsóknunum helst beint að nýstækkaða hlutanum og fyrir utan hlöðuna sem fannst þar komu í ljós torf með  $K \sim 1500$ , það var fjarlæggt ásamt  $K \sim 1500$  in situ. Undir gjóskunni mátti sjá torf með 1226 gjósku og landnámsgjósku, sem verður rannsakað nánar á næsta ári. Leifar mannvirkja fundust einnig á svæði C en þar eru ummerki um þrjú mannvirki; dren, [20], torfvegg með  $K \sim 1500$ , [23], og eldri torfbyggingu, [24], sem verða rannsökuð á næsta ári. Steinaröð, [21], var samsíða dreninu en ekki er hægt að greina um hlutverk hennar að svo stöddu. Auk þessa mátti sjá mannvistarlæg í sniði í holunni eftir undirstöðu flaggstangarinnar sem stóð um árabil á bæjarhólnum og sést á gömlum ljósmyndum. Lögin eru langt undir mannvirki [23]. Rannsóknunum á öskuhaugnum, á svæði B, var haldið áfram en undir lok uppgriftarins var komið niður á náttúrulegar þúfur í vestasta hluta svæðisins. Flestir gripir sem finnast við rannsóknina koma úr öskuhaugnum og voru skráð 143 fundanúmer þaðan af alls 217 fundum sem voru skráðir þetta árið. Þá koma 22 fundanúmer frá svæði A og 52 frá svæði C.

Á árinu hófust greiningar á fundasafninu sem sýna áhugaverðar niðurstöður, m.a. er að finna gripir sem sýna að á 17. öld hafi Árbær haft góðan aðgang að innfluttum varningi fyrir heimilið, sérstaklega borðbúnaði sem tengist mat og drykk. Þar er einnig að finna vönduð glerílát og borðhnífa sem hafa verið notuð við fín veisluhöld en einnig töluvert af grýtum/pottum. (Lucas, 2021). Við greiningar á fundasafninu vöknudu þó einnig spurningar varðandi samsetningu þess en það virðist vanta gripir frá 18. öld og ræddar voru ýmsar ástæður þess í kaflanum Samantekt hér á undan. Árið 2022 er áætlað að stækka svæði B og freista þess að fá svör við þessari „eyðu“ í fundasafninu. Einnig verða svæði A og C sameinuð og borkjarnar verða teknir á vel völdum svæðum með það að markmiði að finna eldri

öskuhaug á bæjarhólnum. Það eru því spennandi tímar framundan í rannsókninni sem munu varpa enn skýrara ljósi á sögu hinna fyrstu kynslóð Árbæinga.



*Mynd 31. Nemendur og leiðbeinendur rannsóknarinnar árið 2021.*

## English summary

Fornar rætur Árbæjar is an ongoing archaeological research project in the city of Reykjavík, run by the Reykjavík City Museum in collaboration with The University of Iceland (Háskóli Íslands). Its aim is to uncover and highlight the history of residence and usage at the Árbær farm, as well as uncover its early development. Additionally, the aim is to communicate this evidence to the public, via different methods such as social media and guided tours around the site. Likewise, signposts with information about the project have also been installed onsite, and archaeologists are available to talk about their progress.

